Nr. 3.
3.
maí.

Lög

um

brúargjörð á Ölvesá.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Til brúargjörðar á Ölvesá má verja allt að 40,000 kr. úr landssjóði, með því skilyrði að sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóður suðuramtsins leggi til fyrirtækisins allt að 20,000 kr. eða sem svari helmingnum af því, sem landssjóður leggur til.

2 gr.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að veita sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóði suðuramtsins allt að 20,000 kr. lán úr landssjóði. Lán þetta ávaxtast og endurgelzt með 965,25 kr. á ári i 45 ár.

3 gr.

Vextir og afborganir byrja að greiðast þrem árum síðar en lánið er greitt til fulls úr landssjóði, þannig: helmingurinn úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert, en hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

4 gr.

Landsstjórnin annast um byggingu brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar. Þegar brúin er komin á, hefur landsstjórnin og umsjón yfir henni.

5 gr.

Um kostnað brúnni til viðhalds skal síðar ákveða með lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. maí 1889.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 3.
3die
Mai.

om

Broanlæg over Ølvesaa.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Til Broanlæg over Ølvesaa maa af Landskassen udredes indtil 40,000 Kr., paa Betingelse af at Arnes og Rangarvalla Sysselkommuner og Sønderamtets Repartitionsfond til Anlægget bidrage med indtil 20,000 Kr., eller med det Halve imod hvad Landskassen bidrager.

§ 2.

Ministeriet for Island bemyndiges til at tilstaa Arnes og Rangarvalla Sysselkommuner og Sønderamtets Repartitionsfond et Laan af Landskassen paa indtil 20,000 Kr., der forrentes og afdrages med 965 Kr. 25 Ø. aarlig i 45 Aar.

§ 3.

Indbetaling af Renter og Afdrag begynder tre Aar efter at Laanet fuldtud er udbetalt af Landskassen, saaledes at Halvdelen udredes af Arnes og Rangarvalla Syslers Sysselkasser og fordeles paa de nævnte Sysselkommuner efter Forholdet mellem den sammenlagte Sum af deres Løsegodshundreder og Jordhundreder hvert Aar, og at den anden Halvdel udredes af Sønderamtets Repartionsfond.

§ 4.

Regjeringen besørger Anlægget af Broen og træffer alle de til denne Lovs Iværksættelse nødvendige Foranstaltninger. Naar Broen er færdig, fører Regjeringen ogsaa Tilsynet med den.

§ 5.

Bestemmelser angaaende Omkostninger ved Broens Vedligeholdelse ville senere være at træffe ved Lov.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Mai 1889.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

(Optrykt Side.)